NÁMSGREIN: HLAÐVARP

KENNSLUYFIRLIT: 9.BEKKUR

Kennsluhættir: Kennt er í lotum, einu sinni í viku hverri, tvo tíma í senn. Lögð verður áhersla á að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Kennslan byggist m.a. á innlögn, reglulegri upprifjun, einstaklingsvinnu og hópavinnu. Nemendur temji sér gagnrýna hugsun, ígrundun, sjálfstæðar skoðanir og skapandi vinnubrögð.
Námsþættir: Vinnuferlið í hlaðvarpsgerð, uppbygging þáttar,tegund hlaðvarps, rannsóknarvinna,markhópur, innskotsbútar, tímaseðlar og grænskjár.
Námsmat
Lykilhæfni:
Verkefni yfirfarin og metin út frá lykilhæfniviðmiðum aðalnámskrár: þ.e. tjáning og miðlun, skapandi og gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og samvinna, nýting miðla og upplýsinga og ábyrgð nemenda á eigin vinnu og framförum
Áhersla er lögð á að nemandi öðlist eftirfarandi lykilhæfni.

- Að geti tjáð hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt.
- Að geti beitt mismunandi sjónarhornum, gagnrýnni hugsun við mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.
- Að geti tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum.
- Að geti gert sér grein fyrir hvernig hann nýtir styrkleika sína og hefur skýra sjálfsmynd.
- Að geti unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla.
- Að geti sett sér raunhæf markmið um frammistöðu og framvindu eigin náms, unnið eftir þeim og lagt mat á hvernig til hefur tekist.
- Að geti tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt og að sama skapi sett eigin gagnrýni uppbyggilega fram.

Hæfniviðmið / matsviðmið:
Áhersla er lögð á að nemandi öðlist eftirfarandi hæfni.

- Geta nýtt leitarvélar, gagnabanka, gervigreind og önnur verkfæri á fjölbreyttan og siðferðilega ábyrgan hátt til upplýsingaöflunar og skilji hvað liggur til grundvallar.
- Geta valið og nýtt hugbúnað við gerð og framsetningu fjölbreyttra og gagnvirkra kynninga.
- Geta valið og nýtt tæki og hugbúnað við fjölbreyttar upptökur og hljóðvinnslu.
- Geta nýtt fjölbreyttan og viðeigandi tækjabúnað til menntunar og leyst tæknileg úrlausnarefni.

Námsgögn: Þitt eigið hlaðvarp - höfundur Oddur Ingi Guðmundsson https://menntastefna.is/wp-content/uploads/2021/11/Budu-til-Hladvarp-Vinnubok-Oddur-Ingi.pdf
Námsefni Mixtúra:
https://drive.google.com/file/d/16JfpIKDwWRJUF7ZDWjNmbbh30bclX28s/view?ts=65c4b61d
https://drive.google.com/file/d/1hnKKVmg0ZbcF6f4QisBxEqaVSHdTn4mt/view?ts=65c4b5ac
https://drive.google.com/file/d/1NnEzvL7LXnUHByxRjKGdiJYh45Lw1w4D/view?ts=65c4b5ca

Tímabil	Námsflokkur	Kennsluhættir	Námsmat	Námsorðaforði
Kennt í lotum.	Hlaðvarpsgerð Nemendur vinna 3–4 saman að hlaðvarpi. Verkefni 15-20 mínútna hlaðvarpsþáttur með fumsömdu stefi.	• Sýnikennsla, • innlagnir, • hugmyndavinna, • verklegar æfingar, • sköpun, • samvinnunám	• Frammistaða við gerð verkefna • Frammistaða í kennslustundum • Í lok námslotu er frammistaða nemanda metin út frá þeim hæfniviðmiðum sem valin hafa verið fyrir námslotuna • Lykilhæfni er ekki metin sérstaklega en er mikilvæg öllum í samfélagi manna og ber að leggja áherslu á hana samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla.	Hljóðnemar, inngangsstef, útgangastef, upptökutími, uppsetning þáttar.